



# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

**FFSÍ**

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndarritari fr. Helga E. Þórisdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 128/1027  
komudagur 18.2.2003*

**Reykjavík 10. febrúar 2003.**  
c:/2003/alþingi/björgunarsveitir

## **Efni: Frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375. mál.**

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fagnar framkomnu frumvarpi um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Við 1. gr. er gerð eftirfarandi athugasemd og breytingatillaga, *skáletruð*.

Í greininni er kveðið á um að lögin taki til björgunarsveita og björgunarsveitamanna sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita.

Þar sem orðið "viðurkenndra" er notað telur félagið nauðsynlegt að fram komi hver viðurkenni og með hvaða skilyrðum, án þess að vera íþyngjandi, ella sé orðið án merkingar. Með því að binda skilyrði til viðurkenningar við 5. gr. frumvarpsins telur félagið jafnframt eðlilegt að viðurkenningin sé á hendi dómsmálaráðherra þótt starfsemi björgunarsveita geti fallið undir stjórnvald annarra ráðuneyta eftir atvikum (sjá breytingartillögu).

Hvað varðar setningarbrotið í 1. gr, "innan [.....] heildarsamtaka björgunarsveita" telur félagið að gildissvið laganna sé þar þrengt óþarflega, þar sem skilyrt er að björgunarsveit þurfi að vera innan heildarsamtaka til að falla að gildissviði laganna. Telur félagið ekki loku fyrir það skotið að stofnaðar geti verið fullkomnar björgunarsveitir í framtíðinni, á sjálfboðagrundi, sem telji hag sínum betur borgið utan heildarsamtaka.

### 1. gr. breytingartillaga.

Lög þessi taka til björgunarsveita og björgunarsveitarmanna sem starfa innan viðurkenndra [ ] björgunarsveita. *Dómsmálaráðherra veitir heildarsamtökum björgunarsveita viðurkenningu fyrir hönd björgunarsveita, eða einstökum björgunarsveitum utan samtaka, að uppfylltum skilyrðum 5. gr.*


Við 4. gr. er gerð eftirfarandi athugasemd og breytingatillaga, *skáletruð*.

Eins og kunnugt er geta mannhvörf, slys og óhöpp á landi, í lofti eða á legi verið af saknæmum orsökum. Án þess að leggja megi niðrandi merkingu í þá athugasemd fer ekki hjá því að við björgun fer oft kappið fram úr forsjá þannig að rannsóknargögn á vettvangi atburðar geta spillst. Á þetta bæði við um björgunina sjálfa og einnig þá líkn sem veitt er þolendum bæði mönnum og dýrum. Því leggur félagið til að eftirfarandi 3. mgr. verði bætt við 4. gr. laganna.

*4.gr. 3. mgr. viðbót.*

*Björgunarsveitarmönnum er skylt að gæta að því að rannsóknargögnum á vettvangi atburðar sem fengist er við verði ekki spillt meira en nauðsyn krefur til að bjarga og líkna lífi eða verja verðmæti tjóni.*

f.h. Farmanna og fiskimannasambands Íslands



Árni Bjarnason